



# 3. flokkur karla og kvenna



## Nýtt fyrirkomulag í keppni A-liða

- Verulegar breytingar verða á keppni A-liða í Íslandsmóti 3. flokks karla og kvenna á næsta ári.
- **Tilraun til eins árs.**
- Fyrirkomulag á keppni B-liða verður óbreytt.



- Keppni hefst í byrjun mars og lýkur í lok september.
- Leikið í 8-liða riðlum (getuskipt) – Vikið frá fjölda liða í riðli ef þurfa þykir, t.d. í neðstu riðlum.
- Leiknar eru þrjár lotur – samtals 21 leikur í mótinu.
  - a) Lota 1 - mars til maí
  - b) Lota 2 - maí til júlí
  - c) Lota 3 - ágúst til september



- Í hverri lotu er leikin einföld umferð skv. töfluröð KSI – Árangur liða ræður töfluröð. Í fyrstu lotu verður miðað við árangur 2021. Félög geta sótt um hækkun eða lækkun skv. reglugerð.
- Milli lota færast tvö lið upp og tvö lið niður.
- Óheimilt er að fresta leikjum aftur fyrir lokaleikdag í hverri lotu.
- Sigurvegari í A-riðli í þriðju lotu telst Íslandsmeistari.



Með þessu næst að fjölga leikjum og lengja keppnistímabilið, ásamt því að fjölga vonandi jafningjaleikjum.

Niðurröðun leikja í fyrstu lotu í keppni A-liða 3. flokks verður gefin út í síðasta lagi 15. febrúar.

Þann 1. mars verða drög að leikja í öðrum mótum yngriflokka gefin út.



## Nýtt varðandi skráningar liða til keppni í B og C-liðum.

- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið.
- b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið.



## Önnur ákvæði óbreytt

Hlutgengisreglur milli ABC-liða eru óbreyttar

Heimilt áfram að skrá t.d. tvö A-lið í mótið